

M-44/2008 Álit 21. ágúst 2008

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 21. ágúst 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-44/2008:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 26. júní sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna afnotamissis af bifreið hans A. Bótakröfunni beinir hann að bifreiðaverkstæðinu Y.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftndin gaf Y kost á andsvörum með bréfi, dags. 30. júní sl., og var gefinn frestur til að skila þeim til 14. júlí sl. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 22. júlí sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Beiðni álitsbeiðanda er svohljóðandi:

„Þann 31. mars 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa álit í máli 01/2008 vegna ágreinings í viðskiptum milli X og bifreiðaverkstæðisins Y. Álit kæruneftndarinnar var að Y sé skylt að bæta álitsbeiðanda það tjón sem hann varð fyrir sem B tryggingarfélag Y gerði þann 02.04.2008 ásamt vöxtum. Í lok álits kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa þann 31. mars í málinu kemur fram að álitsbeiðandi bendi á að meðan á viðgerð bifreiðarinnar stóð hafi hann misst af afnot af bifreiðinni í um þrjár vikur. Þar sem álitsbeiðandi gerði enga grein fyrir þeim kostnaðarauka, taldi kæruneftndin því ekki efni til að hún taki afstöðu að því er hann varðar.

Tekið skal fram að afnotamissir álitsbeiðanda voru fjórar vikur frá 06.10.2008 til 07.11.2008.

Álitsbeiðandi óskar eftir því að kæruneftndin taki nú afstöðu til kostnaðarauka sem hann varð fyrir og hafi til hliðsjónar meðfylgjandi upplýsingar.“

Álitsbeiðandi gerir grein fyrir því tjóni sem hann telur sig hafa orðið fyrir í álitsbeiðninni og á sérstöku skjali og fylgiskjölum með því. Kemur þar m.a. eftirfarandi fram.

- (1) Afföll af verðmæti bifreiðarinnar 2% á mánuði samkvæmt upplýsingum frá Bílgreinasambandinu. Álitsbeiðandi segir verðmæti bifreiðarinnar þann 1. október 2007 hafa verið kr. 1.799.160 og reiknar afföllin hafa verið kr. 35.983.
- (2) Leiga á bifreið vegna afnotamissis bifreiðarinnar A. Álitsbeiðandi segist miða við leigu fyrir ódýrasta bílaleigubíl frá bílaleigunni Átaki og vetrarverði. Miðar hann við daggjald, kr. 7.900 í 33 daga eða samtals kr. 260.700.

- (3) Vaxtakostnaður vegna fjármögnunar bifreiðarinnar í október 2007. Þann kostnað segir álitsbeiðandi vera kr. 7.024.
- (4) Kostnaður álitsbeiðanda við öflun gagna vegna málsins. Álitsbeiðandi gerir reikning fyrir 60 klukkustunda vinnu á kr. 2.500 eða samtals kr. 150.000.
- (5) Tryggingarkostnaður á bifreiðinni á viðgerðartímanum. Álitsbeiðandi segir tryggingu á bifreiðinni fyrir eitt ár vera kr. 89.640 og í 33 daga kr. 8.085.

Samkvæmt framangreindum liðum nemur krafa álitsbeiðanda fyrir afnotamissi kr. 461.792.

Niðurstaða kærunefndarinnar í hinu fyrra máli á milli aðila, M-1/2008 var sú að Y greiddi álitsbeiðanda, X, kr. 295.204. Í gögnum málsins kemur fram að B tryggingar hafi greitt álitsbeiðanda þá fjárhæð með vöxum hinn 2. apríl sl. eða samtals kr. 328.304.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og fyrirtækisins Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, sem viðskipti aðila falla undir.

Eins og fram kemur í hinum fyrri úrskurði í máli nr. M-1/2008 tók kærunefndin afstöðu til þess beina fjárhagslega tjóns sem hún taldi álitsbeiðanda í því máli hafa orðið fyrir vegna þess að Y hefði ekki við verk það sem fyrirtækið tók að sér fyrir álitsbeiðanda farið að þjónustukaupalögum, nr. 42/2000. Skylda fyrirtækisins til greiðslu skaðabóta vegna þessa var byggð á 25. gr. þeirra laga.

Í 15. gr. þjónustukaupalaganna segir eftirfarandi:

„Verði neytandi fyrir tjóni vegna gallaðrar þjónustu á hann rétt til skaðabóta nema seljandi þjónustunnar sýni fram á að gallinn verði ekki rakinn til vanrækslu hans. Neytandi á einnig rétt til skaðabóta ef á hina seldu þjónustu skortir eitthvað sem telja má að áskilið sé.

Þessi grein á ekki við um bætur vegna líkams- og eignatjóns sem neytandi kann að verða fyrir.“

Kærunefndin álitur að samkvæmt 1. málslíð 1. mgr. 15. gr. eigi neytandi rétt til skaðabóta vegna afleidds tjóns sem hlýst af gallaðri þjónustu. Í þjónustukaupalögunum og greinargerð með því frumvarpi sem varð að þeim lögum er hins vegar ekki sérstaklega skilgreint hver grundvöllur bóta af slíku tagi sé eða hvert umfang þeirra geti hugsanlega orðið. Verður því að byggja á almennum reglum að því er það varðar eins og þær hafa mótast í fræðiskrifum og dómaframkvæmd. Samkvæmt þeim almennu reglum er ljóst að í tilviki eins og hér um ræðir verður bótaskylda fyrir þann kostnað sem álitsbeiðandi reiknar sér samkvæmt liðum 1 og 3-5 ekki byggð á þeim reglum. Samkvæmt þessu kemur einungis til álita kostnaður vegna afnotamissis, sbr. lið 2 í kröfugerð álitsbeiðanda. Varðandi lið 4 þar sem álitsbeiðandi reiknar sér kaup að fjárhæð kr. 150.000 þykir þó rétt að taka sérstaklega fram að fordæmi eru fyrir því að tjónþoli fái bættan lögmannskostnað eða kostnað af svipuðu tagi, s.s. við matsgerðir, en ekki kaup til handa sjálfum sér við gerð bótakröfu.

Ljóst má telja samkvæmt þeim gögnum sem álitshæfandi hefur lagt fram að hann hefur ekki tekið bíl á leigu enda þótt hann miði útreikninga sína við leigu fyrir bílaleigubíl, kr. 7.990 á dag. Samkvæmt dómaframskrá, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í málinu nr. 1416/1988, er við ákvörðun bóta af þessu tagi fyrst og fremst tekið mið af því hve langan tíma viðgerð á verkstæði tók en ekki í hve langan tíma viðkomandi bíll var bílaður enda getur slíkt verið undir ýmsum atvikum komið. Bætur af þessu tagi verða hins vegar ætíð að verulegu leyti metnar að álitum þar sem seint verður leitt í ljós með nægilega nákvæmum hætti hvert hið raunverulega tjón var. Kærufndin álitur að í því tilviki sem hér um ræðir megi líta til þess að senda varð olíuverk bifreiðarinnar til Danmörku til viðgerðar. Með hliðsjón af því sem að framan segir er það álit kærufndarinnar að bætur til handa álitshæfanda fyrir afnotamissi séu hæfilega áætlaðar kr. 45.000.

VII

Álitshæfandi

Y greiði álitshæfanda, X, kr. 45.000.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

